



Almennt vinnustaðanám á almennri braut í VMA - Starfsfóstri



Til starfsmannastjóra og forstöðumanna á vinnustöðum.

Ósk VMA um samstarf við vinnustaði um almennt vinnustaðanám nemenda á almennri braut.

Starfsfóstraverkefni og almennt vinnustaðanám.

Starfsmenntaáætlun ES er kennd við Leonardo da Vinci. VMA stýrir verkefninu Workmentor / starfsfóstri í samvinnu við skóla í sex öðrum löndum. Verið er að yfirfæra mentorafræðslu yfir á þær aðstæður sem ríkja þegar nemandi er í vinnustaðanámi. Skólaárið 2012 – 2013 er VMA að prufukeyra námskeið í starfsfóstrun. workmentor.vma.is

VMA hefur rekið almenna námsbraut í mörg ár. Hópur nemenda hefur átt í miklum erfiðleikum með að ljúka skilgreindum námsbrautum til lokaútskriftar. Þessir nemendur finna sig oft ekki eða ráða ekki við það nám sem er í boði. Einnig er líklegt að atvinnuleysi bíði þessa hóps nemanda ef þeir ná ekki að ljúka námi. Með almennu vinnustaðanámi vill VMA reyna að finna leiðir til að efla nemendur og auka þeim sjálfstraust en líka hugsanlega stuðla að því að þeir finni störf sem henta þeim.

Óskað er eftir:

Að vinnustaður taki að sér nemanda í tvo hálfa daga í viku á tímabilinu janúar - apríl. Hver nemandi er á hverjum vinnustað hálfa önn. Þetta eru um það bil 14 vikur eða 26 – 27 skipti alls. Hver vinnustaður væri þá með tvo nemendur, um það bil 13 skipti á hvorn nemanda. Nemandinn verði þriðjudaga og fimmtudaga kl. 8.00 – 12.30 (viðmið um tíma).

Að vinnustaður útnefni einhvern starfsmann sem starfsfóstra nemans, helst ekki verkstjóra eða forstöðumann heldur frekar einhvern sem vinnur nánar með nemandanum.

Að vinnustaður gefi starfsmanni, verðandi starfsfóstra / workmentor, tækifæri til að taka þátt í stuttu námskeiði um starfsfóstrun. Námskeiðið verður í VMA í tvö skipti 2 klst. í hópi verðandi starfsfóstra frá mismunandi vinnustöðum og eftir það heimsóknir leiðbeinanda á vinnustaðinn. (sjá aftar)



Almennt vinnustaðanám á almennri braut í VMA - Starfsfóstri



Fyrirkomulag vinnustaðanámsins.

Um er að ræða nemendur á almennri braut sem flestir eiga að baki erfiða skólagöngu. Segja má að almennt vinnustaðanám sé tilraun VMA til að bjóða þeim einstaklingsmiðað nám sem þeir ættu að geta ráðið við. Hingað til hefur skólaganga þeirra ekki bent til að þeir ljúki bóknaðs- eða verknámsprófi á ákveðnu sviði á næstunni. Hugsanlega breytist það með aldri og þroska nemendanna.

Markmið námsins er fyrst og fremst að efla nemendur og auka sjálfstraust þeirra. Einnig að gefa þeim tækifæri á reynslu af vinnustað og möguleika á að sanna sig þar.

Nemendur fá ekki laun fyrir vinnustaðanámið, þess í stað gefur námið einingar í VMA.

Gengið verður frá samkomulagi milli nemanda, VMA og viðkomandi vinnustaðar í nóvember 2012 en vinnustaðanámið hefst í janúar 2013 og því lýkur í lok apríl 2013.

Kennari VMA

Kennarinn tekur þátt í að halda námskeið fyrir starfsfóstra í nóvember 2012.

Kennari úr VMA heimsækir nemanda á vinnustað og fylgist með vinnustaðadvölinni.

Kennarinn hittir nemendur í tímum í VMA í hverri viku á vorönninni til að fá fréttir af reynslu þeirra og gengi.

Kennarinn tekur líka þátt í að meta árangur nemanda í samvinnu við vinnustaðinn.

Námskeið fyrir starfsfóstra.

Námskeið fyrir starfsfóstra verður tvö síðdegi um það bil tvær klst. í einu, þriðjudagana 13. og 20. nóvember 2012.

Miðað er við að á námskeiðinu verði 12 – 15 manns af mismunandi vinnustöðum.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að ræða samskipti, skoða hvað það er að vera starfsfóstri (mentor) einhvers og fara yfir það til hvers er ætlast af starfsfóstranum. Mikilvægt er að nemandi og starfsfóstri eflist báðir og að hægt sé að yfirfæra námskeið í starfsfóstrun yfir á öll tilvik þegar nýliði kemur á vinnustaðinn.

Með námskeiðinu er ætlunin að færa starfsmanni aðferðir og öryggi við að aðstoða nýliða á vinnustaðnum.

VMA bendir starfsfóstrum og nemendum á tengilið. Það er ekki sá kennari sem sinnir nemandanum á vinnustaðnum heldur annar starfsmaður VMA sem hefur reynslu af ráðgjöf.